

Dalaveitur ehf. 27. fundur.

Miðvikudaginn 24. júní 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 10:00.

Mætt voru: Skúli Guðbjörnsson, Sigríður Huld Skúladóttir (í gegnum fjarfundabúnað), Þuríður Jóney Sigurðardóttir og Kristján Sturluson.

Einnig sat fundinn Kristján Ingi Arnarson.

Dagskrá:

1. 1902021 – Framkvæmdir 2019.

Allri plægingu lokið nema að Kleifum þar sem verið er að skoða hvaða lausn hentar best. Þar þarf að skoða kostnað við þráðlausa sendingu, þ.m.t. rekstrarkostnað. Einnig möguleika á að leggja strenginn mjög grunnt en landið er mjög erfitt yfirferðar.

Húskassar eru í uppsetningu og Míla byrjuð á skráningu. Kerfið sem búið er að leggja á að vera tilbúið í júlí.

Setja þarf niður lagnaleið fyrir tengingu yfir Svínadal og ræða við landeigendur. Einnig að bóka fornleifaskráningu.

2. Fundur með Mílu.

Fundað var með Mílu 19. júní sl.. Fundinn sátu fyrir hönd Dalaveitna Skúli Guðbjörnsson, Kristján Sturluson og Kristján Ingi Arnarsson og fyrir hönd Mílu Jón Ríkharð Kristjánsson og Ingimar Ólafsson.

Fram kom að ekki er útlit fyrir ljósleiðaratengingar í Búðardal næsta árið a.m.k. nema í tengslum við framkvæmdir sbr. Bakkahvamm nýverið.

Fundurinn var gagnlegur upplýsingafundur.

3. Tengingar fyrir Vodafone í Hörðuból.

Framkvæmdastjóra falið að leita ráðgjafar lögmanns um hvernig beri að haga þjónustu..

4. Aðalfundur Dalaveitna ehf.

Aðalfundur vegna 2019 og 2020 verða haldnir 23. júlí. Dagskrá skv. samþykktum félagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Skúli Guðbjörnsson

Þuríður Jóney Sigurðardóttir

Kristján Sturluson

Sigríður Huld Skúladóttir

Sigríður Huld Skúladóttir staðfesti fundargerðina í tölvupósti 25.06.2020, 22:36